

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfoss

Hella, 8. október 2020
UST202008-298/D.F.J.
09.01

Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um verndarsvæði Kerlingarfjalla

Í samræmi við 4. gr. auglýsingar um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni einn aðila í samstarfsnefnd um verndarsvæðið. Jafnframt er óskað eftir því að tilnefningin berist eigi síðar en 30. október ásamt heimilisfangi og netfangi viðkomandi.

Í fjórðu grein auglýsingarinnar er kveðið á um að Umhverfisstofnun hafi umsjón með verndarsvæði Kerlingarfjalla. Með stofnuninni skal starfa þriggja manna samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa frá Umhverfisstofnun, Hrunamnanahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar og skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitastjórna. Nefndin skal funda minnst einu sinni á ári.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu á svæðinu, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar svo og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskiptingin sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
Forstjóri



Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur